



## **Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Aðalgötu 5 í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015**

Hjá byggingarfulltrúa Skagafjarðar liggur fyrir byggingarleyfisumsókn í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá eiganda Aðalgötu 5 á Sauðárkróki, um leyfi til að gera breytingar á húsnaðinu.

Skráð byggingarár hússins er 1928. Breytingar varða útlit og aðgengi neðri hæðar, aðalinngangur færður á suðurhlið, lúga sett við hlið inngangshurðar, gluggi settur í stað hurðar á austurhlið. Áætlaður verktími er um 6 mánuðir.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra þann 11. febrúar 2020.

Samkvæmt greinargerð um verndarsvæði í byggð frá 2018 og Húsakönnun Sauðárkróks frá 2018 hefur húsið miðlungs varðveislugildi sem byggir að mestu á miðlungs menningarsögulegu gildi, tæknilegu ástandi og umhverfisgildi. Aftur á móti er gildi þess metið lágt fyrir listrænt og upprunalegt gildi.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar í Ráðhúsi Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/> frá og með 8. janúar 2025 til og með 22. janúar 2025.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 22. janúar 2025 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi, Skagfirðingabraut 21 eða á netfangið: [andrig@skagafjordur.is](mailto:andrig@skagafjordur.is)

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.